

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Samráðsgátt

Reykjavík, 24. júní 2019
1906081/0.4.1/rmj

Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.

Í ofangreindum reglugerðardögum, sbr. mál nr. S-141/2019, er lagt til að heimila veitingu áfengis í takmörkuðu magni á baðstöðum í náttúrunni.

Embætti landlæknis gerir athugasemdir við þessa tillögu og varar við henni. Sú breyting sem lögð er til er til þess fallin að auka enn frekar aðgengi að áfengi og er líkleg til að auka enn á flækju og erfiðleika þeirra sem sinna gæslu og bera ábyrgð á öryggi gesta. Þar að auki eru baðstaðir fjólskyldustaðir þar sem börn eru tíðir gestir, ein eða með fjólskyldu. Það að áfengi verði gert að vöru sem tilheyri heilbrigðri útiveru og heilsurækt er ekki til fyrirmynnar fyrir börn og sendir þau skilaboð að notkun áfengis sé hluti af því að stunda baðstaði. Þá eru jafnframt vísbendingar um að notkun áfengis á baðstöðum geti leitt til aukinnar hættu á slysum.

Að mati landlæknis er óljóst hvert markmiðið er með umræddri breytingu á reglugerðinni og ætti slíkt að koma fram í tillöggunni. Í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 kemur skýrt fram í 6. mgr. 14. gr að einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að sund- og baðstöðum. Ætla má að umrædd reglugerðarbreyting fari ekki saman við tilvitnað ákvæði í reglugerð nr. 814/2010.

Til viðbótar við framangreint þá vakna eftirfarandi spurningar:

- Ekki er skýrt hvort almennir sundstaðir falla hér undir en sund- og setlaugar eru taldar upp í reglugerðinni.
- Verður viðkomandi rekstraraðili að sækja um rekstrarleyfi vínveitinga til viðkomandi sýslumanns líkt og önnur leyfi til vínveitinga?
- Skýra þarf betur hvað átt er við þegar vísað er til margnota umbúða eða margnota glasa á baðstað.

Þá er vandséð að sú opinbera stefnubreyting sem hér er lögð til sé í takt við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuþörnum til ársins 2020. Yfirmarkmið stefnunnar er : „*Samfélag sem einkennist af heilbrigðu umhverfi þar sem einstaklingum stafar ekki hætta af notkun eða misnotkun áfengis eða annarra vímugjafa.*“

Meðal þeirra aðgerða sem lagðar eru til í stefnunni, til að ná yfirmarkmiðinu, er að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímugjöfum. Í lokaorðum stefnunnar segir meðal annars: „*Mikilvægt er við alla ákvarðanatöku stjórnvalda er varðar áfengi, ólögleg vímufni og misnotkun ávana- og fíknilyfja og vefaukandi stera að lýðheilsusjónarmið séu höfð að leiðarljósi ásamt bestu þekkingu á virkum og árangursrikum aðgerðum. Einnig er mikilvægt að virkja allt samfélagið til skilnings og samstöðu um aðgerðir og viðhorf til áfengis og annarra vímugjafa.*“¹

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2014/01/24/Stefna-iafengis-og-vimuvornum/>

Það er afar brýnt að stíga varlega til jarðar við allar aðgerðir sem líklegar eru til þess að auka aðgengi að áfengi og eru þar með líklegar til að hafa áhrif á heilsu og viðhorf þjóðarinnar. Gera verður kröfu um að slíkar aðgerðir séu vel rökstuddar og ígrundaðar. Tillaga sem er til þess fallin að auka áfengisnotkun þjóðar og hafa heilsufarsleg áhrif á að fara í gegnum lýðheilsumat þar sem lagt er mat á líkleg bein og óbein áhrif af breytingunum.

Virðingarfyllst,



Kjartan Hreinn Njálsson
Embætti landlæknis